



Fuglamerkingar 2011

Árið 2011 var 91. ár fuglamerkinga á Íslandi og það áttugasta í umsjón Íslendinga. Fjörutíu og fimm aðilar merktu alls 12.158 fugla af 84 tegundum. Tilkynnt var um 556 endurheimtur íslenskra merkja (510 innanlands og 46 erlendis), auk 109 erlendra merkja.

Starfslið

Fuglamerkingaráð: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja N.V. Auhage, Helga Valdemarsson, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Borgþór Magnússon.

Dagleg umsýsla: Guðmundur A. Guðmundsson (0,5 ársverk), Svenja N.V. Auhage (0,5) og Helga Valdemarsson (0,25). Til viðbótar unnu þrír lausráðnir sumarstarfsmenn í tvo mánuði hver sumarið 2011 (alls hálf ársverk) við samlestur gagnagrunns við frumgögn. Þau heita Ásthildur Erlingsdóttir, Friðjón Júlíusson og Guðrún Sóley Jónsdóttir. Vinnuframlag á Náttúrufræðistofnun til fuglamerkinga síðan verkefnið var endurskipulagt og sett í forgang 2010 hefur verið stóraukið og var jafngildi tæpra tveggja ársverka unnin 2011. Þegar tekist hefur að ná utan um margvísleg gögn sem setið hafa á hakanum og ljúka staffæringu og samlestri allra merkinga og endurheimta frá upphafi mun aftur draga úr þörf á vinnuafli.

Fuglamerkingar

Alls voru merktir 12.158 fuglar árið 2011 (samtala 1921-2011, 625.798) af 84 tegundum. Þar af voru tvær tegundir merktar í fyrsta sinn, grákráka og þistilfinka, en alls hafa 150 tegundir verið merktar hér á landi frá upphafi. Virkir merkingamenn voru 45 talsins árið 2011 (1. tafla) samanborið við 41 árið 2010.

- Mest var merkt af eftirtöldum tegundum árið 2011: snjótittlingur 2338 fuglar, skógarpröstur 1703 fuglar og auðnutittlingur 957 fuglar (2. tafla).
- Flestar endurheimtur árið 2011 voru á álft (97), snjótittlingi (67), æðarfugli (61), teistu (57) og fýl (37).
- Fimm afkastamestu aðilar sem merktu fugla 2011 voru Fuglaathugunarstöð Suðausturlands sem merkti 2269 fugla, Sverrir Thorstensen með 1937 fugla, Óskar J. Sigurðsson með 1293 fugla, Ólafur Torfason með 1217 fugla og Gunnar Þ. Hallgrímsson með 738 fugla (1. tafla).

Tíu mest merktu tegundir frá upphafi eru: lundi 75.781 fuglar, snjótittlingur 74.818 fuglar, skógarpröstur 57.380 fuglar, kría 47.675 fuglar, rita 33.227 fuglar, fýll 30.185 fuglar, skúmur 20.934 fuglar, teista 19.595 fuglar, þúfutittlingur 15.287 fuglar og langvía 15.084 fuglar (2. tafla).

Endurheimtur

Endurheimtur (og álestur merkja á lifandi fuglum) tilkynntar á árinu 2011 voru 665. Tilkynnt var um 556 íslensk merki og fundust 510 þeirra á Íslandi en 46 erlendis. Að auki var tilkynnt um fund 109 erlendra merkja á Íslandi (flest 92 frá Bretlandseyjum, en auk þess 12 frá Noregi, 1 frá Danmörku, 1 frá Hollandi, 3 frá Portúgal (11.-13. endurheimta þaðan) og 1 frá Spáni (15. endurheimta þaðan). Af þessum voru 339 merki endurheimt árið 2011 en 327 voru frá fyrri árum (elsta merki sem tilkynnt var um endurheimtist árið 1999). Mikið átak var unnið í skráningu eldri gagna í gagnagrunn um fuglamerkingar og alls skráðar 2224 endurheimtur á árinu (1559 gamlar auk nýrra tilkynninga).

Meðal endurheimta sem tilkynnt var um 2011 voru helstu ferðalangar ársins sílamáfur (merktur Lisboa M35509) í Quinta de Marim, Faro, Portugal sem fullvaxinn 20. mars 2010 og skotin við

Heiðarbæ í Þingvallasveit þann 21. júní 2011, 3150 km frá merkingastað. Súla sem Ólafur Torfason merkti sem ófleygan unga (137529) þann 13. júlí 2011 í Skrúð flæktist í fiskinet 12. september 2011 (61 degi síðar) við strendur Lissabon í Portúgal, 2920 km frá merkingastað. Tveir jaðrakannar sem Tómas G. Gunnarsson merkti í Reykhólasveit á Barðaströnd (631107 og 631114) í byrjun júlí 2006 voru skotnir í Frakklandi í september sama ár, 2301 - 2353 km frá merkingastað.

Tilkynnt var um marga fugla á árinu sem náð höfðu háum aldri. Elsti fuglinn var fyll (426129) sem Óskar J. Sigurðsson merkti sem fullvaxinn þann 17. október 1970 og kom hann í net við Surtsey 18. febrúar 2011, þá a.m.k. 40 ára og níu mánaða gamall. Þetta er jafnframt elsti fyll sem endurheimtur hefur verið á Íslandi. Álka (469302) sem Ævar Petersen merkti sem ófleygan unga í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu þann 11. júlí 1982 var skotin út af Hjalteyri í Eyjafirði 15. desember 2010, þá tuttugu og átta og hálfis árs gömul. Þetta er elsta álka sem endurheimt hefur verið á Íslandi. Tveir aðrir fuglar komust líka á blað á árinu sem elstu endurheimtur á Íslandi til þessa: sendlingur (872060) sem Gunnar Þór Hallgrímsson litmerkti í Sandgerði 8. maí 2005 sem fullvaxinn a.m.k. á 2. almanaksári og lesið var á á merkingastað 5 árum og níu mánuðum síðar þegar fuglinn var a.m.k. 6 ára og átta mánaða. Þetta er ekki hár aldur því Evrópumetið á sænskur sendlingur sem varð 20 ára og níu mánaða. Eitt íslenskt Evrópumet í aldri bættist við á árinu, en það var straumönd (337968) sem Björn Hjaltason merkti fullvaxna á 1. ári þann 1. október 2003 og endurheimtist á sama stað 18. maí 2011, þá rétt tæpra átta ára.

Gagnavarsla

Merkinga- og endurheimtugögn eru varðveitt í SQL gagnagrunni sem stýrt er með sérhæfðu og sérsmíðuðu umsýsluforriti (Flygill) og með fyrirspurnum gegnum Microsoft Access. Um 40% merkingaskýrslna 2011 var skilað rafrænt á Excel gagnablöðum sem tilbúin eru til innflutnings í gagnagrunninn. Í árslok 2011 voru 83% allra merkinga komin í grunninn og var samlestri á um helmingi við frumgögn lokið. Á sama tíma höfðu 90% allra endurheimtugagna verið slegin inn í grunninn og um þriðjungur þeirra samlesin við frumheimildir.

	Áætlaður fjöldi 1921-2011	Færslur 31. des. 2011	Í gagna- grunni
Merkingar	625.800	521.100	83,3%
Endurheimtur*	43.100	38.927	90,3%

* inniheldur "kontról" á sama stað.

Ákveðið hefur verið að skipta út umsýsluforritinu Flygli, sem er bæði stirt og óstöðugt, og taka upp forrit sem norskar fuglamerkingar hafa notað um árabil með góðum árangri. Það heitir RingAccess og er grundvallað á forritinu Microsoft Access. Stefnt er að því að ljúka skráningu eldri gagna í Flygil áður en kóðun íslensku merkinga- og endurheimtugagnanna verður samræmd við kóðun EURING. Sú vinna byggir á EURING 2000 staðli og gerir okkur kleift að yfirfæra öll íslensk gögn í sameiginlegan evrópskan gagnagrunn (EDB).

Internet

Vinna við þróun vefviðmóts fyrir skil á merkingagögnum og önnur samskipti við merkingamenn er komin vel á veg. Fyrsta skrefið er að opna leið fyrir merkingamenn að skila merkingagögnum beint inn í gagnagrunn og skoða eldri gögn sín. Jafnframt er stefnt að því að merkingamenn fái rafrænar upplýsingar um endurheimtur sínar og geti skoðað og kortlagt öll sín gögn á vefsvæðinu. Aðgengi almennings að niðurstöðum merkinga á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar verður bætt þannig að safnað verður saman birtum og óbirtum samantektum og ársskýrslum.

Rafrænt eyðublað fyrir endurheimtur og Excel-skrá til skila á merkingarupplýsingum er að finna á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (neðst á síðunni):

<http://www.ni.is/dyralif/fuglar/fuglamerkingar/>

Langtímaverkefni

Allmörg stór rannsóknarverkefni byggja á notkun litmerkja og má með þeim afla umfangsmikilla gagna um líf, hætti, lýðfræði og ferðir litmerktra einstaklinga. Sum þeirra eru unnin í samstarfi við erlenda aðila, þá einkum breska. Stærstu litmerkingaverkefnin eru rannsóknir á álft, margæs, grágæs, heiðagæs, jaðrakan, sandlóu og sílamáfi. Öll þessi verkefni halda eigin gagnagrunna yfir athuganir á litmerktum einstaklingum, sem oft telja tugi og jafnvel hundruð þúsunda færslna (t.d. álft yfir 200 þúsund, margæs um 100 þúsund). Þessi verkefni skila árlega skýrslu um litmerkingar sínar og afriti af gagnagrunni til fuglamerkinga Náttúrufræðistofnunar til varðveislu. Árið 2011 hófust litmerkingar á rauðbrystingi hérlendis og voru merktir 66 fuglar á Melrakkaslétu (Jim Wilson 2013).

Úrvinnsla gagna, kynning og birting

Árið 2011 voru tölfræðigögn og listar yfir endurheimtur send til íslenskra og erlendra vísindamanna til úrvinnslu. Þær tegundir sem óskað var upplýsinga um voru: hettumáfur, lundi, skrofa, hávella, sandlóa, steindepill, stuttnefja og skúmur, auk allra sjófugla (sem hóps). Vonandi leiðir þetta til aukinna birtinga á niðurstöðum fuglamerkinga.

Nokkrar greinar byggðar á íslenskum merkingargögnum birtust árinu. Ellen Magnúsdóttir skrifaði grein í ársrit Fuglaverndar, Fuglar 8, um vetrarstöðvar íslenskra skúma. Þær athuganir byggja á staðsetningum fugla sem báru s.k. dægurríta, en þeir staðsetja sig með mælingum á sólargangi. Í ljós kom að vetrarstöðvar íslenskra skúma voru beggja vegna Atlantsála (Ellen Magnúsdóttir 2011). Í sama riti var grein eftir Ólaf K. Nielsen þar sem hann kynnti litmerkingar á fálkum sem hófust á árinu og önnur eftir Kristín H. Skarphéðinsson þar m.a. var sagt frá merkingu 500. hafarnarins og litmerkingum á nær öllum hafarnarungum síðan 2004. Gunnar Þór Hallgrímsson og samstarfsmenn birtu grein um kynjabundinn stærðarmun sendlinga og skekkt kynjahlutföll byggð á álestrum á litmerki (Hallgrímsson o.fl. 2011a).

Guðmundur A. Guðmundsson hélt fyrirlestur hjá Fuglavernd þann 29. nóvember í Reykjavík og endurtók hann á Akureyri 15. desember 2011. Fyrirlesturinn nefndist “Fuglamerkingar á Íslandi í 90 ár”. Á Hrafnþingi Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 30. nóvember kynnti Yann Kolbeinsson rannsóknir sínar á farhátum og vetrarútbreiðslu skrofu, en hann hefur í samstarfi við erlenda vísindamenn merkt skrofur í Vestmannaeyjum með dægurrítum. Fyrstu niðurstöður þessa verkefnis voru birtar fyrir nokkrum árum (González-Solís o.fl. 2009).

Gunnar Þór Hallgrímsson varði doktorsritgerð sína “Takmarkandi þættir í vistfræði tveggja máfategunda” þann 16. desember 2011. Ritgerð Gunnars samanstóð af átta greinum auk inngangs og voru tvær þeirra byggðar á merkingum (Hallgrímsson o.fl. 2011b, 2012). Sú fyrri fjallar um fyrstu endurfundi merktra evrópskra sílamáfa í Norður-Ameríku en sú síðari um dreifingu sílamáfa með ströndum V-Evrópu og V-Afríku eftir breiddargráðu, aldri og árstíma.

Náttúrufræðistofnun Íslands sendi í fyrsta sinn fulltrúa sinn (Guðmund A. Guðmundsson) á ársfund EURING, sem eru regnhlífarsamtök evrópskra fuglamerkingastöðva. Fundurinn var haldinn á Möltu dagana 14.-16. október 2011. Guðmundur skilaði skýrslu um merkingastarfsemi á Íslandi 2010 og hélt stutt erindi um 90 ára sögu íslenskra fuglmerkinga. Þátttaka í þessum fundum evrópskra fuglamerkingastöðva er mjög gagnleg og persónuleg kynni við þá aðila sem við höfum mest samskipti við efla allt samstarf. EURING fundar annað hvert ár og verður næsti fundur samtakanna haldinn í september 2013 í Helsinki.

Heimildir

- Ellen Magnúsdóttir 2011. Vetrarstöðvar íslenskra skúma. – Fuglar, ársrit Fuglaverndar 8: 30-31.
- González-Solís, J., A. Felicísimo, J.W. Fox, V. Afanasyev, Y. Kolbeinsson & J. Muñoz 2009. Influence of sea surface winds on shearwater migration detours. – Mar. Ecol. Prog. Ser. 391: 221-230.
- Gunnar Þór Hallgrímsson 2011. Ecological constraints on two species of large gulls. – Ph.D. ritgerð, Háskóli Íslands, 244 bls.
- Hallgrímsson, G.T., S. Palsson, R.W. Summers & G.Ö. Benediktsson 2011a. Sex ratio and sexual size dimorphism in Purple Sandpiper *Calidris maritima* chicks. – Bird Study 58: 44-49.
- Hallgrímsson, G.T., N.D. van Swelm, H.V. Gunnarsson, T.B. Johnson & C.L. Rutt 2011b. First two records of European-banded Lesser Black-backed Gulls *Larus fuscus* in America. – Marine Ornithology 39: 137-139.
- Hallgrímsson, G.T., H.V. Gunnarsson, O. Torfason, R.J. Buijs & K.C.J. Camphuysen 2012. Migration pattern of Icelandic Lesser Black-backed Gulls *Larus fuscus graellsii*: indications of a leapfrog system. – J. Ornithol. 153: 603-609.
- Jim Wilson 2013. Rauðbrystingar merktir í N-Noregi skipta um farleið. – Bliki 32: 34-36.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2011. Arnarvarp 2011. – Fuglar, ársrit Fuglaverndar 8: 6.
- Ólafur Karl Nielsen 2011. Litmerktir fálkar. – Fuglar, ársrit Fuglaverndar 8: 12-13.

Garðabær 27. júní 2013,

Með kærni þakklæti fyrir samstarfið.

Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja Auhage

1. tafla. Fjöldi merktra fugla 2011 skipt eftir merkingamönnum

Nr.	Nafn	Fullv.	Ungar	Alls
353	Aðalsteinn Snæþórsson	16	0	16
273	Arnór Þórir Sigfússon	0	5	5
261	Björn Hjaltason	0	1	1
380	Böðvar Þórisson	37	144	181
401	Ellen Magnúsdóttir	126	15	141
262	Erpur Snær Hansen	379	8	387
222	Finnur Logi Jóhannsson	0	3	3
388	Freydís Vigfúsdóttir	0	260	260
385	Fuglaathugunarstöð SA-lands	2024	245	2269
347	Grétar Jónsson	0	4	4
345	Guðmundur A. Guðmundsson	21	56	77
316	Gunnar Tómasson	198	0	198
368	Gunnar Þór Hallgrímsson	738	0	738
237	Gunnlaugur Pétursson	23	0	23
291	Halldór Walter Stefánsson	0	1	1
332	Hallgrímur Gunnarsson	0	9	9
091	Hálfván Björnsson	1	21	22
384	Hrafn Svavarsson	0	3	3
404	Jim Wilson	77	0	77
223	Jóhann Óli Hilmarsson	0	16	16
386	Jón Gunnar Jóhannsson	2	0	2
339	Jón H. Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir	9	89	98
309	Jón Magnússon	548	6	554
346	Kristinn H. Skarphéðinsson	0	18	18
270	Kristlaug Pálsdóttir	198	49	247
296	Ólafur Einarsson	22	55	77
216	Ólafur K. Nielsen	91	56	147
322	Ólafur Torfason	104	1113	1217
148	Óskar J. Sigurðsson	1278	15	1293
400	P. Potts	27	183	210
406	Róbert A. Stefánsson	0	2	2
344	Smári Lúðvíksson	34	0	34
402	Svenja Auhage	0	6	6
248	Sverrir Thorstensen	1163	774	1937
365	Tómas Grétar Gunnarsson	30	65	95
097	Tryggvi Eyjólfsson	237	54	291
382	Vígfús Eyjólfsson	9	22	31
357	Yann Kolbeinsson	4	0	4
370	Þorkell L. Þórarinnsson	9	0	9
381	Þorlákur S. Helgason	220	165	385
333	Þorlákur Sigurbjörnsson	313	93	406
228	Þorvaldur Björnsson	1	0	1
364	Þórir Snorrason	0	6	6
244	Ævar Petersen	30	555	585
371	Örn Þorleifsson	38	34	72
	Samtals	8007	4151	12158

2. tafla. Merktir fuglar 2011 eftir tegund og aldri, ásamt samtölu frá upphafi merkinga á Íslandi. Sjaldgæfar tegundir eru teknar saman í eina línu merkt "Annað" en þeirra sjaldgæfu tegunda sem merktar voru á árinu er getið neðanmáls.

Tegund	Latneskt heiti	2011			Samtals 1921-2011		
		Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
Lómur	<i>Gavia stellata</i>	43		43	254	259	513
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>				4	0	4
Flórigoði	<i>Podiceps auritus</i>	13		13	151	380	531
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	213	11	224	25486	4699	30185
Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	10		10	241	272	513
Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	137	1	138	4703	27	4730
Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	163	4	167	7348	132	7480
Súla	<i>Sula bassanus</i>	13	737	750	1032	3899	4931
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>				4	3273	3277
Toppskarfur	<i>Phalacrocorax aristotelis</i>	15	166	181	2068	4540	6608
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	32	72	104	4203	3377	7580
Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>				5500	7887	13387
Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>				218	0	218
Grágæs	<i>Anser anser</i>		5	5	979	2002	2981
Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>				40	13	53
Margæs	<i>Branta bernicla</i>	9		9	1318	0	1318
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	16	5	21	312	1927	2239
Gargönd	<i>Anas strepera</i>				63	166	229
Urtönd	<i>Anas crecca</i>	1	1	2	217	952	1169
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	3	42	45	342	1988	2330
Grafönd	<i>Anas acuta</i>				69	246	315
Skeiðönd	<i>Anas clypeata</i>				2	7	9
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>				328	994	1322
Duggönd	<i>Aythya marila</i>	8		8	539	1452	1991
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	122	30	152	9100	4066	13166
Æður eldisungar	<i>Somateria mollissima</i>				4	4447	4451
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				130	152	282
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	1		1	551	862	1413
Hrafnsönd	<i>Melanitta nigra</i>	7		7	576	437	1013
Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>				611	364	975
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>				262	123	385
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>				9	8	17
Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>		29	29	13	488	501
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	1	3	4	278	900	1178
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	1	39	40	92	1469	1561
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	90	19	109	4834	4183	9017
Keldusvín	<i>Rallus aquaticus</i>				10	11	21
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	22	183	205	1249	7435	8684
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	35	188	223	1725	7026	8751
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	1	124	125	1111	7781	8892
Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>	70		70	5116	0	5116

Tegund	Lateskt heiti	2011			Samtals 1921-2011		
		Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
Sanderla	<i>Calidris alba</i>	318		318	2216	0	2216
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	9		9	3066	1166	4232
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	15	16	31	4210	2036	6246
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	18	47	65	966	5859	6825
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	56	119	175	807	1495	2302
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	1	86	87	244	5413	5657
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	23	97	120	1034	6263	7297
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	56		56	3745	0	3745
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	60	33	93	929	2951	3880
Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>		1	1	47	58	105
Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>				34	709	743
Skúmur	<i>Catharacta skua</i>	1	28	29	168	20766	20934
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	164	112	276	343	12582	12925
Stormmáfur	<i>Larus canus</i>		25	25	4	2504	2508
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>		50	50	1299	2974	4273
Silfurmáfur	<i>Larus argentatus</i>	128	2	130	559	2626	3185
Bjartmáfur	<i>Larus glaucoides</i>	19		19	27	0	27
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	58		58	376	2578	2954
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	24	3	27	262	3126	3388
Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	144	641	785	3050	30177	33227
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	44	633	677	4692	42983	47675
Langvía	<i>Uria aalge</i>		23	23	10792	4292	15084
Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	2		2	1569	94	1663
Álka	<i>Alca torda</i>	1		1	2834	2874	5708
Teista	<i>Cephus grylle</i>	17	151	168	2342	17253	19595
Haftyrðill	<i>Alle alle</i>				49	2	51
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	153	8	161	33483	42298	75781
Brandugla	<i>Asio flammeus</i>	2	3	5	44	101	145
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	481	28	509	7249	8038	15287
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	121	23	144	1552	6335	7887
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	55	1	56	450	148	598
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	121	4	125	1273	3356	4629
Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>	37	3	40	407	71	478
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	1548	155	1703	36077	21303	57380
Glókollur	<i>Regulus regulus</i>	2		2	28	0	28
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1	39	40	80	1319	1399
Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	60	36	96	1345	796	2141
Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>	846	111	957	6499	2154	8653
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	2328	10	2338	72681	2137	74818
Annað (70 tegundir)		68	4	72	731	62	793
Samtals		8007	4151	12158	288655	337143	625798

Viðauki. Eldri skýrslur um fuglamerkingar á Íslandi.

- Finnur Guðmundsson 1932. Leiðbeiningar um fuglamerkingar frá Hinu íslenska Náttúrufræðisfélagi í Reykjavík. – Náttúrufr. 2: 71-80. (Gefið út sem sérít, 12 bls).
- Finnur Guðmundsson 1943. Fuglamerkingar X. ár. Skýrsla um fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins árið 1941. – Fylgirit með skýrslu um Hið íslenska náttúrufræðifélag félagsárin 1941 og 1942, 18 bls.
- Finnur Guðmundsson 1945. Fuglamerkingar XI–XII. ár. Skýrsla um fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins 1942 og 1943. – Fylgirit skýrslu um Hið íslenska náttúrufræðifélag félagsárið 1943, 26 bls.
- Finnur Guðmundsson 1951. Fuglamerkingar XIII–XV. ár. Skýrsla um fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins 1944 og 1946. – Fylgirit skýrslu um Hið íslenska náttúrufræðifélag félagsárin 1944-1946, 32 bls.
- Finnur Guðmundsson 1953. Fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins 1947-1949. – Náttúrufr. 23: 14-35.
- Finnur Guðmundsson 1956. Fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins 1950-1952. – Náttúrufr. 26: 142-157.
- Guðmundur G. Bárðarson & Magnús Björnsson 1932. Liðsmenn við fuglamerkingar. – Náttúrufr. 2(5-6): 80.
- Guðmundur A. Guðmundsson 1995a. Fuglamerkingar á Íslandi 1993. – Bliki 15: 61-62.
- Guðmundur A. Guðmundsson 1995b. Fuglamerkingar á Íslandi 1994. – Bliki 16: 66.
- Guðmundur A. Guðmundsson 1996. Fuglamerkingar á Íslandi 1995. – Bliki 17: 65.
- Guðmundur A. Guðmundsson & María Harðardóttir 1998. Fuglamerkingar á Íslandi árið 1996. – Bliki 19: 69-71.
- Guðmundur A. Guðmundsson 2011. Fuglamerkingar 2010. – Skýrsla send til merkingamanna. 6 bls. Birt á heimasíðu N.Í. http://www.ni.is/media/dyrafraedi/fuglar/ISRS_Fuglamerkingar2010.pdf
- Guðmundur A. Guðmundsson 2011. Icelandic Ringing Scheme 2010: A short report of the Icelandic Ringing Scheme presented to EURING General Assembly in Malta in October 2011. – Skýrsla til Euring, Malta 2011. 2 bls. Birt á heimasíðu Euring. http://www.euring.org/meetings/general_assemblies/malta_2011/scheme_reports/iceland.pdf
- Magnús Björnsson 1933. Fuglamerkingar (The Bird Ringing Scheme). Náttúrugripasafnið í Reykjavík. – Skýrsla HÍN félagsárin 1931 og 1932: 45-49.
- Magnús Björnsson 1935. Fuglamerkingar II. ár. Náttúrugripasafnið í Reykjavík. – Skýrsla HÍN félagsárið 1932: 51-57.
- Magnús Björnsson 1936. Fuglamerkingar III. ár. Náttúrugripasafnið í Reykjavík. – Skýrsla HÍN félagsárin 1933 og 1934, 13 bls.
- Magnús Björnsson 1939. Árangur ísl. fuglamerkinga XV [*ætti að vera IV*]. – Náttúrufr. 9: 129-131.
- Magnús Björnsson 1940. Fuglamerkingar V.–VIII. ár. Náttúrugripasafnið í Reykjavík. – Skýrsla HÍN félagsárin 1937 og 1938: 59-68.
- Magnús Björnsson 1941. Fuglamerkingar IX. ár. Náttúrugripasafnið í Reykjavík. – Fylgirit með skýrslu um Hið íslenska náttúrufræðisfélag félagsárin 1939 og 1940, 16 bls.
- Skovgaard, P. 1930. First bird-marking results from Iceland. – Discovery 11(127): 220-224.
- Skovgaard, P. 1930. Resultater fra studiet af islandske fugles træk. – Danske Fugle 3. Bind, 11(1-2): 57-73.
- Skovgaard, P. 1933. Birds ringed in Iceland recovered in British Isles. – Farmers J. 4(1): 4060-4062.
- Skovgaard, P. 1934. Fuglamerkingar mínar á Íslandi, og árangur þeirra. – Náttúrufr. 4: 5-23.
- Skovgaard, P. 1939. Iceland birds visiting Scotland. – Scott. Nat. 237: 61-66.
- Skovgaard, P. 1951. Birds ringed in Denmark and Iceland recovered in Italy. – Riv. Ital. Orn. 21(2): 1-8.
- Skovgaard, P. & W. Egsbæk 1962. [Merkingar á Íslandi]. – Bls. 18-19 í: Halvhundrede aar med fugle i Viborgegnen og otte med flagermusene. Foren. Naturkundskab, Viborg. 64 bls.
- Ævar Petersen 1988. Leiðbeiningar við fuglamerkingar. – Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 6, 16 bls.
- Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998. Fuglamerkingar á Íslandi í 75 ár. – Bliki 19: 49-56.